



**FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM**

Ársskýrsla 2020

## Prófill

### Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Húsnæði skólans er 6.702 m<sup>2</sup>. Árið 2020 voru 104,9 nemendur í fullu námi við skólann (115 í 75% námi) og starfsmenn voru 31 í 25,1 stöðugildi

### Námsframboð:

Skólinn bauð upp á nám á fjórum brautum til stúdentsprófs: Félagsvísindabraut, íþróttabraut, kjörsviðsbraut og náttúruvísindabraut. Ennfremur var boðið upp á nám á almennri námsbraut.

### Framkvæmd markmiða:

Unnið er að að markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2019-2021. Þónokkur markmið hafa náðst og árangur er að nást með önnur markmið. Markmið um kvíða nemenda hefur þó frekar fjarlægst á árinu kannski vegna Covid ástandsins.

### Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Þær breytingar sem voru gerðar á mætingu á haustönn 2017 skiluðu mun betri mætingum og einkunnum og var raunmæting hærri en nokkru sinni fyrr og meðaleinkunn svipuð og á haustönn 2019 þegar hún tók stórt stökk uppá við. Námsráðgjöf og sálfræðingsþjónusta hefur verið aukin talsvert og skilar því að nemendum á Laugum líður almennt betur en á landsvísu og viðhorf þeirra og hollusta gagnvart skólanum er jafnframt hærri en gengur og gerist. Samstarf við aðra framhaldsskóla hefur aukist talsvert. Samstarfið við Þingeyjarskóla er orðið allverulegt og er að aukast við aðra grunnskóla á upptökusvæði skólans. Sérstök áhersla hefur verið á að kynna skólann fyrir grunnskólanemendum á landsvísu og hefur það skilað skólanum verulega auknum nemendafjölda. Starfsandinn hefur einnig batnað verulega.

### Úttektir:

Skólinn fór í gegnum ytra mat haustið 2019 og kom það vel út. Skólinn hlaut jafnlaunavottun í september 2020.

### Afkoma, rekstrarstaða:

Rekstur skólans var neikvæður um 2,0 millj. kr.

### Brottfall:

Brottfall var við skólann árið 2020 var tæplega 1,5%

### Stjórnun:

Skólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri

### Samvinna við aðra:

Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Akureyri, Framhaldsskólinn á Húsavík, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Þingeyjarskóli, Reykjahlíðarskóli, Vopnafjarðarskóli, Stórutjarnaskóli, Ungmennafélagið Efling, Austurbrú og Þekkingarnet Þingeyinga.

### Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:

Skólinn rekur framhaldsskóladeildir á Þórshöfn og Vopnafirði. Skólinn sérhæfir sig í persónubundinni þjónustu, einstaklingsmiðuðu námi og sveigjanlegu námsumhverfi með miklu íþrótt-, leiklistar- og tónlistarstarfi. Nemendur eru með samfelldan skólalag frá 09:10-15:30 sem samanstendur af fagtímum, hóptímum og námstímum og eru þeir síðarnefndu undir leiðsögn kennara á milli fagtíma.

**Nemendur og nám:**

Við Framhaldsskólann á Laugum voru fimm námsbrautir, almenn braut, félagsvísindabraut, íþróttabraut, náttúruvísindabraut og kjörsviðsbraut.

106 nemendur hófu nám í byrjun árs 2020 sem skiluðu 2.995 einingum (99,8 nemendum í fullu námi). 97 nemendur voru með Framhaldsskólann á Laugum sem heimaskóla og 9 nemendur höfðu annan skóla sem heimaskóla.

- 11 á almennri námsbraut
- 29 á félagsvísindabraut
- 25 á íþróttabraut
- 23 á kjörsviðsbraut
- 17 á náttúruvísindabraut
- 1 á íþrótt- og náttúruvísindabraut.

57 strákar og 49 stúlkur. Brottfall á önninni var 2,1%. Að meðaltali voru 18,1 nemendur í hópi í fagtíma í stundatöflu.

Haustið 2020 byrjuðu 124 nemendur sem skiluðu 3.299 einingum (110,0 nemendum í fullu námi). 115 nemendur voru með Framhaldsskólann á Laugum sem heimaskóla og 9 nemendur höfðu annan skóla sem heimaskóla.

- 15 á almennri námsbraut
- 34 á félagsvísindabraut
- 28 á íþróttabraut
- 30 á kjörsviðsbraut
- 17 á náttúruvísindabraut.

61 strákur og 63 stúlkur. Brottfall á önninni var 0,9%. Að meðaltali voru 19,1 nemendur í hópi í fagtíma í stundatöflu.

Framhaldsskólinn á Laugum starfar eftir samþykktri námsskrá og reynir af fremsta megni að búa nemendur undir frekara nám og daglegt líf og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi í gegnum sveigjanlegt námsumhverfi, persónubundna námsáætlun og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Reynt er að meta alla að verðleikum og taka tillit til sérþarfa hvers og eins. Skóladagurinn á Laugum er samfelldur kl. 09:10-15:30 alla virka daga vikunnar nema föstudaga þegar hætt er kl 14:40. Íþróttakennsla fer fram milli 16 og 18 mánudaga til fimmtudaga og er miðað við að hver nemandi mæti í íþróttir í 24 klst á hverri önn.

Skóladagurinn samanstendur af hefðbundnum fagtímum og hóp- og námstímum þeirra á milli. Kennslan í fagtímum er fjölbreytt, allt frá hefðbundnum fyrirlestur, yfir í umræðutíma, yfir í vendikennslu og notast skólinn við námskerfið Moodle til að halda utanum námið. Í námstímum vinna nemendur að verkefnum sínum með aðstoð kennara. Hóptímar eru fjóra hálfra daga og eru allir nemendur í hóptíma í einu auk um sjö kennara. Hóptímar hefjast á standandi fundum þar sem nemendur þurfa að gera grein fyrir áætlunum sínum í náminu þann daginn. Að standandi fundi loknum fara sumir að vinna að verkefnum sínum en aðrir fara í aukafagtíma. Tímalengd þessara aukafagtíma í hóptímum mismunandi og þannig er hægt að nýta tíma nemenda og kennara betur. Stundaskráin er fljótandi að vissu marki því hún er breytileg frá viku til viku.

Lýðheilsa og umhverfismál eru stoðir skólastarfsins. Eiga þær áherslu að verða greinilegar í öllum kenndum áföngum sem og í öðru starfi skólans. Unnið er með eftirfarandi lykilhugtök í þeirri vinnu; Líkaminn, hreyfing, næring, hvíld, geðheilbrigði, siðvitund, félagsfærni, kynheilbrigði, umhverfi, menning, listir og upplýsingalæsi.

Í skólanum er símat, þ.e. nemendur þreyta próf, gera ritgerðir og leysa verkefni með jöfnum hætti yfir önnina og lokapróf í hefðbundnum skilningi eru ekki þreytt við skólann nema í undantekningatilfellum. Kennsluvikur annararinnar eru því að jafnaði 17 talsins. Þessi tilhögun gerir það að verkum að námið er mjög einstaklingsmiðað og auðvelt fyrir nemendur að taka færri eða fleiri einingar en hefðbundið skipulag gerir ráð fyrir.

#### **Framhaldsskóladeildir á Þórshöfn og Vopnafirði:**

Framhaldsskólinn á Laugum hefur starfrækt framhaldsskóladeild á Þórshöfn frá haustinu 2009. Starfið hefur gengið vel og eru heimamenn ánægðir með þessa þjónustu. Þrátt fyrir það hefur dregið úr aðsókn í deildina. Deildin er rekin í samvinnu við Þekkingarnet Þingeyinga og hefur daglegum rekstri verið úvistað til Þekkingarnetsins. Enginn nemandi stundaði nám við deildina á árinu 2020.

Framhaldsskóladeildin á Vopnafirði hefur verið starfrækt síðan 2016 og þar hefur starfið ekki gengið síður vel og heimfólk mjög ánægt líka. Á vorönn voru fimm nemendur við deildina en aðeins einn hóf nám á haustönn. Tveir til viðbótar færðu sig svo yfir í deildina frá Laugum þegar leið á haustið. Bæði á vorönn og haustönn var deildin mikilvæg þegar til þess kom að nemendur urðu að fara frá Laugum vegna takmarkana í staðnámi vegna Covid-19 veirunnar. Kom sér þá vel að hafa kennara á Vopnafirði til að aðstoða þann fjölda Vopnafirðinga sem stunduðu nám við Framhaldsskólann á Laugum árið 2020.

#### **Samstarf við aðra:**

Samstarf hefur verið við Verkmenntaskólann á Akureyri um að taka að sér að kenna í fjarnámi þá áfanga sem við getum ekki boðið uppá. Einnig geta nemendur skólans tekið slíka áfanga í gegnum Fjarmentaskólann. Með þessu móti getum við aukið námsframboð okkar. Að sama skapi býður Framhaldsskólinn á Laugum nemendum annarra skóla áfanga í gegnum Fjarmentaskólann. Vegna þessa samstarfs situr skólameistari Framhaldsskólans á Laugum hálfmánaðarlega fundi Fjarmentaskólans.

Í lok árs 2015 var undirritaður samstarfsamningur milli framhaldsskólanna á Norðausturlandi og hefur samstarfið á milli þessara skóla verið til fyrirmyndar. Skólameistarararnir sitja fundi vikulega og hafa skipt með sér ýmsum verkum, þ.e. einn skóli leiðir ákveðið verkefni, annar annað verkefni og svo koll af kolli.

Samstarf hefur líka verið við grunnskóla um kennslu í einstaka áfanga fyrir þá nemendur sem lokið hafa markmiðum grunnskólans fyrir 10. bekkinn. Á vorönn 2020 nýttu fimm nemendur frá Þingeyjarskóla sér þann möguleika. Slíkt hið sama gerðu þrír nemendur Vopnafjarðarskóla og einn nemandi Stórutjarnaskóla. Á haustönn 2020 stunduðu sex nemendur frá Þingeyjarskóla nám við Laugaskóla og það sama gerðu tveir nemendur Vopnafjarðarskóla og einn nemandi Stórutjarnarskóla. Einnig sá Framhaldsskólinn á Laugum um raungreinakennslu tvo tíma í viku fyrir Þingeyjarskóla árið 2020 sem og valfag á unglíngastigi í tvo tíma á viku. Framhaldsskólinn á Laugum lætur bæði Þingeyjarskóla og Reykjahlíðarskóla í té kennsluhúsnæði. Aukinheldur stendur skólinn fyrir tónlistarhátíðinni Tónkvísl og grunnskólamóti í íþróttum og býður grunnskólum á norðausturlandi að taka þátt í þessum viðburðum.

Samstarf er milli íþróttabrautarinnar og Ungmennafélagsins Eflingar um þjálfun ungmenna. Þetta nýtist skólanum sem hluti af starfsnámi brautarinnar.

Eins og áður sagði á skólinn í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga um rekstur Þórshafnardeildar og í samstarfi við Austurbrú og Vopnafjaraðrhrepp um rekstur Vopnafjarðardeildar.

**Mat á markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2020-2022:**

Haustið 2017 tóku gildi nýjar mætingarreglur við Framhaldsskólann á Laugum sem fólust í því að raunmætingin var einungis skoðuð með það að markmiði að hún yrði 85% eða hærrí hjá hverjum og einum. Þannig eru engin leyfi gefin og allar fjarvistir telja inn í mætinguna sama af hvaða orsökum þær eru (skröp telja jafnt og veikindi) þrátt fyrir að auðvitað sé tekið tillit til eðli fjarvistanna þegar kemur að því að nemendur þurfa að skrú sig úr áföngum. Raunmæting á haustönn 2017 varð strax 84% en raunmæting hafði aldrei farið yfir 80% í a.m.k. 10 ár þar á undan. Hún dalaði reyndar aftur veturinn 2018-2019 og vorið 2019 var raunmætingin 77,4%. Haustið 2019 varð hún hins vegar hærrí en nokkru sinni fyrr eða 85,8%. Vorið 2020 hélt hún áfram að batna og var 86,4% og 89,3% á haustönn 2020 og má því segja að markmiðinu um 85% raunmætingu árið 2022 hafi þegar verið náð. Betri mætingu fylgdu hærrí einkunnir var meðaleinkunn nemenda 7,1 haustið 2019 eða hálfum hærrí í margar annir þar á undan (var til að mynda 6,2 á vorönn 2019). Meðaleinkunn allra nemenda á vorönn 2020 var 7,05 og 6,85 á haustönn 2020. Brottfall úr áföngum var 13,1% á vorönn 2019 en lækkaði niður í 5,8% á haustönn 2019, 5,7% á vorönn 2020 og 6,4% á haustönn 2020 og helst það í hendur við betri mætingu og einkunnir.

Samkvæmt *Skólapúlsinum* voru 84,8% nemenda sammála því að þeim liði vel eða frekar vel í skólanum sem var heldur hærrí en viðmiðið (78,2%). Í sömu könnun merktu hins vegar einungis 47,1% nemenda við 7 eða hærrí á skalanum 1-10 þegar þeir voru beðnir um að meta hversu hamingjusamir þeir væru sem er mun lægra en á síðasta ári (71,9%) og mun lægra en meðal allra nemenda í könnuninni (65,6%). Einnig voru 41,8% nemenda með einkenni kvíða sem var hærrí hlutfall en meðal allra nemendanna í könnuninni (28,4%). Viðhorf og hollusta nemenda gagnvart skólanum mælist 78,8% sem er marktækt hærrí en viðmiðið (66,7%). Nemendur hafa daglegan aðgang að námsráðgjafa og reglulegan aðgang að hjúkrunafræðingi. Einnig hafa nemendur aðgang að sálfræðingi vikulega og greiðir skólinn a.m.k. þrjá fyrstu tímana fyrir hvern nemanda sem þarf á slíkri þjónustu að halda.

Aðeins hefur verið unnið að því markmiði að auka fjölbreytni náms og með það að í huga var sett upp kjörsviðsbraut til stúdentsprófs við skólann og hefur aðsókn að henni verið góð. Að sama skapi hefur samstarf við aðra framhaldsskóla og grunnskóla verið talsvert eins og á síðasta ári og tóku 10 nemendur annarra skóla áfanga við Framhaldsskólann á Laugum á vorönn og 9 á haustönn. Vegna Covid var hins vegar ekkert um samstarf við Ungmennafélagið Eflingu um uppsetningu á leikriti.

Unnið var að þeirri markmiðasetningu að bæta skólabraginn og voru endurbætur á vinnuaðstöðu kennara kláraðar vorið 2019. Skilaði það sér í góðri einkunn (4,17) fyrir undirþáttinn *Ánægja með vinnuaðstöðu* í könnuninni *Stofnun ársins* það ár. Sú einkunn hækkaði heldur betur árið 2020 (4,78) þegar vinnuaðstaða og vinnutæki voru bætt ennfrekar. Heildareinkunn fyrir „starfsanda hækkaði líka marktækt (úr 3,80 í 4,29) og ljóst að sú vinna sem hefur verið gerð til að bæta starfsandann er að skila sér. Einnig var haldið áfram með markmiðasetningu skólans að fjölga nemendum og var haldið áfram með markaðsherferð sem sett var af stað í mars 2018. Aðsókn nemenda beint úr 10. bekk meira en tvöfaldaðist á milli árána 2018 og 2019 og hafði samt árið 2018 aukist um 58% frá árinu 2017. Haustið 2020 innrituðust svo tveimur fleiri nemendur en árið áður. Skólinn þurfti þess vegna því miður að hafna nemendum úr 10. bekk um skólavist bæði haustið 2019 og 2020.

Ágætlega hefur gengið með það markmið að klára vinnu ýmissa stefna og áætlana og hlaut skólinn jafnlaunavottun árið 2020 og var óútskýrður launamunur kynjanna tæp 0,6% konum í vil. Skólinn kom vel út úr ytra mati sem framkvæmt var á haustmánuðum 2019. Þó þarf aðeins að bæta aðstöðu í kennslustofum, styða betur við endurmenntun kennara og skýra betur verkaskiptingu og hlutverk stjórnda.

Allir fastráðnir kennarar skólans eru með leyfisbréf og um þriðjungur þeirra með meistaragráðu í sínu fagi.

### **Starfsmannahald 2020:**

Skólanum er stýrt af skólameistara og honum til aðstoðar er áfangastjóri í 50% starfi sem slíkur sem og fjármálastjóri (60% starf). Einnig er 10% af starfi brautarstjóra almennrar námsbrautar skilgreint sem stjórnunarstarf. Kennarar við skólann eru í 10,65 stöðugildum, bókasafnskennari er í 60% starfi verkefnastjóri á Vopnafirði í 100% starfi og námsráðgjafi í 67,5% starfi. Á árinu þurfti samt að auka stöðuhlutföll kennara í hlutastörfum um 0,7 stöðugildi. Kerfisstjóri er í 55% starfi, húsvörður í fullu starfi, ræstitæknar í tveimur stöðugildum og húsbændur í tæpu einu og hálfu stöðugildi. Skólaritari er í 50% starfi, skólasálfræðingur kemur einn dag í viku og skólahjúkrunafræðingur einn dagpart í viku. Hjá mötuneyti skólans er bryti (matráður, kokkur) í fullu starfi og starfsstúlkur í 2,55 stöðugildum. Jafnframt starfar fjármálastjóri hjá mötuneytinu í 40% starfi og þvottastjóri í 100% starfi.

Árið 2020 unnu eftirtaldir við Framhaldsskólann á Laugum:

#### *Skólameistari:*

Sigurbjörn Árni Arngrímsson

#### *Áfangastjóri:*

Hallur Birkir Reynisson

#### *Brautarstjóri almennrar námsbrautar:*

Sverrir Haraldsson

#### *Verkefnastjóri framhaldsskóladeildar á Þórshöfn:*

Útvistað til Þekkingarnets Þingeyinga

#### *Verkefnastjóri framhaldsskóladeildar á Vopnafirði:*

Bjarney Guðrún Jónsdóttir

#### *Náms- og starfsráðgjafii:*

María Jónsdóttir til 1. september

Eygló Sófúsdóttir frá 1. ágúst

#### *Skólahjúkrunarfræðingur:*

Kristveig Halla Guðmundsdóttir á vorönn

Dagbjört Bjarnadóttir á haustönn

#### *Skólasálfræðingur*

Elín Eydís Friðriksdóttir

#### *Fjármálastjóri:*

Þórunn Sigtryggsdóttir

#### *Kerfisstjóri:*

Kristinn Ingi Pétursson

*Bryti:*

Kristján Guðmundsson

*Kennarar skólans:*

Andri Hnikarr Jónsson

Arnór Benónýsson

Ásta Gísladóttir (í barnsburðarleyfi frá 20. janúar til 20. maí)

Birna Björnsdóttir

Connie Maria Cuesta-Schmiedl

Freydís Anna Arngrímsdóttir

Guðmundur Smári Gunnarsson

Hanna Sigrún Helgadóttir

Olga Hjaltalín Ingólfssdóttir

Ragna Heiðbjört Þórisdóttir

*Bókasafnskennari:*

Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir (í námsleyfi til 1. ágúst)

*Skólaritari*

Sigrún Aagot Ottósdóttir (í barnsburðarleyfi frá 27. nóvember)

Sólborg Matthíasdóttir frá 23. nóvember

*Starfsfólk mótneysis:*

G. Sigrún Hringsdóttir, starfsstúlka

Sigríður Sveinbjörnsdóttir, starfsstúlka

Svanhildur Kristjánsdóttir, starfsstúlka

Aðalbjörg Tryggvadóttir, starfsstúlka frá 1. September

*Þvottahús:*

Hjördís Sverrisdóttir

*Húsbændur:*

Ingólfur Víðir Ingólfsson

Jón Sverrir Sigtryggson

S. Hlynur H. Snæbjörnsson

*Húsvörður:*

Kristján Snæbjörnsson

*Ræstingar:*

Eva Björg Jónsdóttir

Kristjana Kristjánsdóttir

## Fjármál og rekstur

## Rekstarreikningur

## Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	359.994.323	315.715.740
Aðrar tekjur .....	3	1.266.000	1.020.000
Vörusala .....		1.283.100	1.014.900
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	29.433.755	36.670.883
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	4.362.042	4.233.364
<b>Tekjur samtals</b>		<b>396.339.220</b>	<b>358.654.887</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	215.684.401	198.135.261
Framlög og tilfærslur .....	6	11.730.510	0
Annar rekstrarkostnaður .....	7	166.549.063	170.223.919
Afskriftir .....	8	4.362.042	4.233.364
<b>Gjöld samtals</b>		<b>398.326.016</b>	<b>372.592.544</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(1.986.796)</b>	<b>(13.937.657)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(2.605)	(5.046)
		(2.605)	(5.046)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(1.989.401)</b>	<b>(13.942.703)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(14.687.891)	(13.942.703)
Rekstrartilfærslur .....		12.698.490	0
		<b>(1.989.401)</b>	<b>(13.942.703)</b>



## Efnahagsreikningur

### Efnahagsreikningur 31. desember 2020

Eignir	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	9	1.368.052	2.002.794
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir:</b>	10		
Áhöld, tæki og búnaður .....		19.435.205	18.353.820
Aðrar eignir .....		139.313	144.863
		<u>19.574.518</u>	<u>18.498.683</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>20.942.570</u>	<u>20.501.477</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	11	1.305.980	0
Tengdir aðilar .....	12	32.426.945	17.860.568
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	13	70.998	3.278.942
Handbært fé .....	14	2.702.305	1.990.653
		<u>36.506.228</u>	<u>23.130.163</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>57.448.798</u>	<u>43.631.640</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	15		
Hrein eign .....		4.662.876	6.652.277
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>4.662.876</u>	<u>6.652.277</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	12	97.371	255.842
Viðskiptaskuldir .....		2.915.171	5.137.059
Ýmsar skammtímaskuldir .....	16	25.776.018	13.327.058
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	17	23.997.362	18.259.404
		<u>52.785.922</u>	<u>36.979.363</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>52.785.922</u>	<u>36.979.363</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>57.448.798</u>	<u>43.631.640</u>

### Skýringar á rekstrar- og efnahagsreikningi 2020

Fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 2020 til Framhaldsskólans á Laugum námu samtals 370,1 m.kr. Þar af voru 10,1 m.kr. flokkaðar sem fjárfestingarheimild og fjárheimildir ársins því 360,0 m.kr. Tekjufærsla frestaðra tekna var 4,4 m.kr. Aðrar tekjur voru 32,0 m.kr og drógust saman um 15,8% á milli ára. Munaði þar mest um að fjármagn sem skólinn hefur fengið til reksturs framhaldsskóladeildar á Vopnafirði hefur fram til þessa verið bókað sem sértekjur en færðist á árinu 2020 inn í fjárheimildir skólans. Heildartekjur skólans á árinu voru 396,4 m.kr. og jukust um 10,5% á milli ára. Þar vó þyngst mikil fjölgun nemenda á milli haustanna 2019 og 2020 en skólarnir voru hvattir á Covid árinu 2020 til að veita fleiri nemendum skólavist en í venjulegu ári og fengu auknar fjárheimildir til þess mæta þeirri fjölgun. Á árinu stóð til að fjárfesta fyrir 7,9 m.kr. og vinna þannig upp 2,2 m.kr. offjárfestingu fyrri ára (fjárfestingar umfram fjárfestingarheimildir) með því að nýta ekki fjárfestingarheimild ársins að fullu. Vegna Covid dróst þó hjá söluaðilinum að afhenda sumt af þeim búnaði sem keyptur var fram yfir ármótin 2020-2021 og því á skólinn í ársreikningum 2020 ónýttu fjárfestingaheimild upp á 3,1 m.kr. Sú heimild hefur þó þegar verið notuð að mestu þar sem búnaðurinn ásamt reikningi barst skólanum snemma árs 2021. Búist er við að fjárfestingar og fjárfestingarheimildir skólans verði í góðu jafnvægi í lok árs 2021.

Rekstrargjöld ársins voru samtals 398,3 m.kr. 372,6 m.kr. og hækkuðu um 6,7%. Laun hækkuðu um 17,5 m.kr. eða 8,8% vegna kjarasamninga auk þess sem skólinn tók þátt í átaki Vinnumálastofnunar um sumarstörf fyrir námsmenn sem nam tæpu 1,5 stöðugildi á ársgrundvelli. Einnig voru gerðar tilfærslur til reksturs Mötuneytis FL sem varð af verulegum tekjum á árinu 2020 vegna mikilla lokana vegna Covid. Annar rekstarkostnaður lækkaði hins vegar um 3,6 m.kr. Þar munaði mest um að aksturskostnaður lækkaði um 3.1 m.kr. því mun minna var farið af staðnum vegna Covid. Rekstrargjöld voru engu að síður 2,0 m.kr hærri en heildartekjur ársins og því var annað árið í röð gengið á höfðustól stofnunarinnar sem var 6,7 m.kr. í árslok 2019. Við bindum hins vegar vonir við þar sem nemendafjöldinn á árinu 2021 verður svipaður og á árinu 2020 að fjárframlögin haldist í hendur við hann og þá ætti resktur skólans að geta verið í jafnvægi á árinu 2021.

Höfuðstóll eða ónotuð fjárheimild Framhaldsskólans á Laugum nam 4.662.876 kr. í árslok 2020. Staða Framhaldsskólans á Laugum á viðskiptareikningi við ríkissjóð var 32,4 m.kr í lok árs 2020.

Laugum, 26. maí 2021

Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari  
Þórunn Sigtryggsdóttir fjármálastjóri